

**Ed.**

**186. Frumvarp til laga**

**[107. mál]**

um manntal 31. janúar 1981.

(Eftir 2. umr. í Ed. 3. des.)

Samhljóða þskj. 119 með þessari breytingu:

9. gr. hljóðar svo:

Upplýsingar skráðar á manntal um einkahagi manna eru einvörðungu ætlaðar til hagskýrslugerðar og er óheimilt að láta aðila utan Hagstofunnar fá vitneskju um þær. Heimilt er þó að láta viðurkenndum rannsóknaraðilum og opinberum stofnunum í té upplýsingar skráðar á manntal, enda sé þá nöfnum og auðkennisnúmerum einstaklinga sleppt. Úrvinnslu manntalsskýrslna skal Hagstofan ein annast, og hlutað-eigandi starfsmenn hennar skulu bundnir þagnarskyldu. Teljarar við manntalið og starfsmenn sveitarfélaga, sem vinna að framkvæmd þess, eru einnig bundnir þagnarskyldu.